

Aðalfundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Síðuskóla 26. mars 2008.

33. fundur nefndarinnar

Arne Vagn Olsen formaður nefndarinnar setur fundinn, býður gesti velkomna og þá sérstaklega Hermann Tómasson. Hulda Sif Hermannsdóttir skipaður fundarstjóri og Aðalheiður Bragadóttir ritari.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla formanns árið 2007-2008
2. Íbúalýðræði, Hermann Tómasson
3. Kosningar í stjórn hverfisnefndar
4. Önnur mál

1. Skýrsla formanns árið 2007-2008

Skýrsla formanns fyrir árið 2007-2008 lesin og má sjá efni hennar á vef hverfisins á heimasíðu Akureyrarbæjar.

2. Íbúalýðræði og umræður

Þar sem fáir sitja fundinn er ákveðið að hafa þetta frekar óformlegt og gera umræður um íbúalýðræði og fleira sem til fellur. Hermann Tómasson byrjar á því að stikla á stóru um tilgang hverfisnefnda og gestir fundarins fá að koma með fyrirspurnir jafn óðum. M.a kemur fram að :

- Á Akureyri er stefnan sú að íbúar eigi að eiga greiðan aðgang að þeim aðilum sem taka ákvarðanir um málefni bæjarins.
- Markmið hverfisnefnda gagnvart stjórnkerfinu er að íbúar hafi greiða leið inn í stjórnkerfið. Spurningin sé hins vegar hvort þessi leið sé nógu greið eins og staðan er í dag. Einnig skapast ákveðinn félagsskapur innan hverfisins.
- Möguleiki á að það sé jafnvel betra að hafa borgarafundi.
- Fundargestir nefna að erfitt reynist að manna hverfisnefndir.
- Tiltekin nefnd á vegum Akureyrarbæjar hefur það hlutverk að kynna sér fundargerðir hverfisnefnda og er þeim ætlað að koma með ábendingar til stjórnkerfisins.
- Mikilvægt er að hafa það í huga að við búum við fulltrúakerfi. Það eru 11 fulltrúar sem eiga að taka allar ákvarðanir í sambandi við ýmis málefni bæjarins. Vissulega eiga þeir

að skoða öll sjónarmið en þeirra samvíska og skynsemi á að ráða að lokum við ákvarðanatöku.

- Reiknað er með að hver hverfisnefnd komi til með að móta sína stefnu.
- Fundargestir velta fyrir sér tilgagnni undirskriftarlista, hvort eitthvað sé gert með þá og hvað íbúar geti gert til þess að hafa áhrif á t.d. skipulagsmál. Hermann minnir á fulltrúakerfið og að þeim beri skylda til að taka ákvarðanir.
- Þá kemur fram að fólki finnst að kynna mætti skipulagsmálin betur.

3. Kosningar

Halda þarf framhaldsaðalfund til þess að kjósa í nýja nefnd vegna dræmrar mætingar íbúa á fundinn. Aðalfundi er frestað til þriðjudagsins 9. september 2008 kl. 20.00.

4. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á fundinum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.

Aðalheiður Bragad.

Einungis fjórir íbúar mættu á aðalfund hverfisins.